

Spölur ehf

**Ársreikningur fyrir reikningsárið
1. október 2005 til 30. september 2006**

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar	2
Áritun endurskoðenda	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5 - 6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8 - 12

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi félagsins

Spölur ehf sér um undirbúning, fjármögnun og framkvæmdir við vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð, svo og rekstur hennar uns allar skuldir félagsins hafa verið greiddar, samkvæmt lögum nr. 45 frá 1990 um vegtengingu við utanverðan Hvalfjörð og samkvæmt samningi við samgöngumálaráðuneytið f.h. ríkissjóðs.

Starfsemin á árinu

Tímabilið frá 1. október 2005 til 30. september 2006 er áttunda heila fjárhagsárið í rekstri félagsins. Alls fóru 1.827.500 bifreiðar, sem greidd veggjald um göngin á þessu tímabili, sem er um 12% aukning frá sama tímabili árið áður. Þessi fjöldi samsvarar því að 5.007 hafi farið um göngin að meðaltali dag hvern. Meðaltekjur fyrir hverja ferð um göngin fara lækkandi, bæði að nafnvirði og raunvirði. Skýringin er einkum sú að fleiri og fleiri viðskiptavinir nýta sér afsláttarmöguleika.

Starfsmenn voru alls 17 á árinu sem samsvarar 14,5 stöðugildum.

Tekjur félagsins námu 995 mkr. samanborið við 985,8 mkr. árið áður. Hagnaður ársins nam 12,2 mkr., en var tap 2,3 mkr. árið áður. Rekstrarkostnaður var 204,7 mkr., en var 184,6 mkr. árið áður.

Það er álit stjórnarinnar, að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í lok reikningsársins, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun félagsins komi fram í ársreikningnum.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórnin leggur til að hagnaður ársins verði fluttur til næsta árs.

Eignaraðild

Hlutfé félagsins kr. 86 millj. er allt í eigu Eignarhaldsfélagsins Spalar hf.

Fjárhagsleg áhættustjórnun

Félagið hefur sett sér markmið og stefnu gagnvart áhættustýringu. Nánar er vísað til skýringar nr. 2.

Stjórn og framkvæmdastjóri Spalar ehf staðfesta hér með árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. október 2005 til 30. september 2006 með áritun sinni.

Akranes, 9. nóvember 2006

Stjórn

Framkvæmdastjóri

Gísli Gíslason, formaður

Gylfi Þórðarson

Gunnar Gunnarsson

Hafsteinn Hafsteinsson

Helgi Þorsteinsson

Ingimundur Birnir

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Spalar ehf

Við höfum endurskoðað ársreikning Spalar ehf fyrir reikningsárið 1. október 2005 til 30. september 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1-12. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin, sem tekur mið af mati okkar á mikilvægi einstakra þátta og áhættu, felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á reikningsárinu, efnahag félagsins 30. september 2006 og breytingu á handbæru fé, í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 9. nóvember 2006

PricewaterhouseCoopers hf

Hjalti Schiöth

Sigurður B. Arnþórsson

Rekstrarreikningur 1. október 2005 til 30. september 2006

	Skýringar	1/10 2005 - 30/9 2006	1/10 2004 - 30/9 2005
Rekstrartekjur			
Veggjald		995.082	985.834
Rekstrargjöld			
Viðhald og rekstur ganga	4	140.325	111.641
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	5	64.398	72.985
Afskriftir	6	<u>220.232</u>	<u>211.335</u>
		424.955	395.960
Rekstrarhagnaður			
		570.127	589.874
Fjármunatekjur- og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		33.531	34.282
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(588.828)	(80.354)
Uppgreiðslugjöld og lántökukostnaður		<u>0</u>	<u>(546.595)</u>
		(555.297)	(592.667)
Hagnaður (tap) fyrir skatta			
		14.830	(2.793)
Tekjuskattur	8	<u>(2.669)</u>	<u>503</u>
Hagnaður (tap) ársins	3	<u><u>12.161</u></u>	<u><u>(2.291)</u></u>

Efnahagsreikningur 30. september 2006

Eignir	Skýringar	30/9 2006	30/9 2005
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Stofnkostnaður við Hvalfjarðargöng		4.635.307	4.818.037
Bifreiðar, veglyklar, áhöld og tæki		<u>115.165</u>	<u>97.383</u>
		4.750.471	4.915.420
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		61.309	49.487
Fyrirframgreiddur kostnaður og aðrar skammtímakröfur		40.617	57.455
Handbært fé		<u>220.936</u>	<u>183.309</u>
		322.862	290.251
Eignir samtals		<u><u>5.073.334</u></u>	<u><u>5.205.671</u></u>

Efnahagsreikningur 30. september 2006

Eigið fé og skuldir	Skýringar	30/9 2006	30/9 2005
Eigið fé	7		
Hlutafé		86.000	86.000
Lögbundinn varasjóður		19.761	19.153
Óráðstafað eigið fé		<u>311.009</u>	<u>299.456</u>
		416.770	404.609
 Skuldir			
Skuldbindingar:			
Skuldbinding vegna veglykla		58.739	41.788
Tekjuskattsskuldbinding	8	<u>94.543</u>	<u>91.873</u>
		153.281	133.661
Langtímaskuldir:	9		
Skuldabréfalán		3.909.189	4.119.989
Skammtímaskuldir:			
Fyrirframinnheimtar tekjur		202.167	174.814
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	9	322.836	289.886
Aðrar skammtímaskuldir	10	<u>69.090</u>	<u>82.712</u>
		594.093	547.412
 Skuldir samtals		4.656.564	4.801.062
 Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>5.073.334</u></u>	<u><u>5.205.671</u></u>
 Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar	11		
 Aðrar upplýsingar	12		

Sjóðstreymi 1. október 2005 til 30. september 2006

	1/10 2005- 30/9 2006	1/10 2004- 30/9 2005
Handbært fé frá rekstri		
Innheimtar tekjur	1.027.403	1.037.468
Greiddur kostnaður v/viðhalds og reksturs ganga	(116.005)	(129.783)
Greiddur skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(46.871)	(76.546)
Greiddir vextir	<u>(144.342)</u>	<u>(851.032)</u>
	720.186	(19.894)
Fjármögnunarhreyfingar		
Afborganir láns á öðrum veðrétti	0	(2.669.528)
Afborganir á lánum Íslandsbanka / Glitnir	(612.393)	(316.857)
Afborganir láns, John Hancock	0	(2.475.012)
Tekin ný lán	<u>0</u>	<u>4.675.218</u>
	(612.393)	(786.178)
Fjárfestingahreyfingar		
Viðbótarstofnkostnaður / endurgreiddur kostnaður	(7.836)	5.488
Keyptir veglyklar, tölvukerfi, vélar og tæki	(48.019)	(56.211)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna	1.000	0
Lán til móðurfélags	<u>(15.310)</u>	<u>(14.769)</u>
	(70.165)	(65.493)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		
	37.627	(871.565)
Handbært fé í byrjun árs	<u>183.309</u>	<u>1.054.874</u>
Handbært fé í lok árs	<u><u>220.936</u></u>	<u><u>183.309</u></u>

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan, að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mót þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

1.2 Innlausn tekna

Veggjald er fært til tekna í rekstrarreikningi að frádregnum virðisaukaskatti og sölukostnaði vegna veglykla. Tekjufærslan er miðuð við afhendingartíma þjónustu.

1.3 Verðtryggðar eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð í september 2006. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í október 2006. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

1.4 Varanlegir rekstrarfjármunir

Allur kostnaður við undirbúningsframkvæmdir, fjármögnun, byggingu vegganga undir Hvalfjörð og greiðsla til Vegagerðar samkvæmt samningi er eignfærður sem stofnkostnaður meðal varanlegra rekstrarfjármuna í efnahagsreikningi að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Stofnkostnaður við Hvalfjarðargöng	35 ár
Bifreiðir	7 ár
Áhöld, tæki og veglyklar	5 ár

Afskriftir reiknast hlutfallslega miðað við eignarhaldstíma innan ársins.

1.5 Tekjuskattur

Í rekstrarreikningi er gjaldfærð fjárhæð sem svarar til reiknaðs tekjuskatts af hagnaði ársins. Mismunur þannig reiknaðs tekjuskatts og þess tekjuskatts, sem reiknast af skattskyldum hagnaði ársins og fellur til greiðslu á næsta reikningsári, færirst til skuldar í efnahagsreikningi sem tekjuskattsskuldbinding. Mismunur þessi stafar af því að skattskyldur hagnaður samkvæmt skattframtali félagsins miðast við aðrar forsendur heldur en hagnaður fyrir skatta samkvæmt rekstrarreikningi félagsins, og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í skattauppgjöri en í ársreikningi.

Tekjuskattsskuldbindingin svarar að jafnaði til þess tekjuskatts, sem ætla má að komi til greiðslu ef eignir félagsins væru seldar eða innleystar á bókfærðu verði.

1.6 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

1.7 Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum hjá Glitni

1.8 Aðrar skuldbindingar

Aðrar skuldbindingar samstanda af skilagjaldi veglykla.

Skýringar

2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

2.1 Útlánaáhætta

Félagið einbeitt sér ekki sérstaklega að útlánaáættu. Hins vegar hefur félagið stefnu gagnvart því að selja vörur og þjónustu til ábyrgra aðila.

3. Ársfjórðungsyfirlit

	4. ársfj. 1/07 06 - 30/09 06	3. ársfj. 1/04 06 - 30/06 06	2. ársfj. 1/01 06 - 31/03 06	1. ársfj. 1/10 05 - 31/12 05	4. ársfj. 1/07 05 - 30/09 05
Veggjald	342.788	270.666	179.776	201.852	315.908
Viðhald og rekstur ganga	(41.362)	(39.504)	(31.302)	(28.157)	(26.561)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(16.815)	(9.887)	(18.142)	(19.554)	(13.366)
Rekstrarhagn. f. afskriftir (EBITDA) ...	284.611	221.275	130.332	154.140	275.981
Afskriftir	(55.171)	(55.576)	(54.844)	(54.641)	(53.386)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	229.440	165.699	75.488	99.499	222.595
Fjárm.tekjur- og (fjárm.gjöld) - nettó	(39.492)	(242.008)	(152.505)	(121.292)	(82.649)
Hagnaður (tap) fyrir skatta	189.948	(76.308)	(77.017)	(21.793)	139.947
Tekjuskattur	(34.191)	13.735	13.863	3.923	(25.158)
Hagnaður (tap) ársfjórðungs	155.758	(62.573)	(63.154)	(17.870)	114.789

4. Viðhald og rekstur ganga

	1/10 2005- 30/9 2006	1/10 2004- 30/9 2005
Viðhald og rekstur ganga greinist þannig:		
Laun	46.637	39.633
Launatengd gjöld	7.855	6.284
Breyting á áunnu orlofi	(115)	477
Rafmagn	9.662	8.680
Tryggingar	48.983	41.213
Aðkeypt þjónusta frá Íslenska járnblendifélaginu	12.181	12.051
Viðhald, smááhöld og rekstrarvörur	13.256	1.775
Annar kostnaður	1.866	1.528
	140.325	111.641

Skýringar

5. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

	1/10 2005- 30/9 2006	1/10 2004- 30/9 2005
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður greinist þannig:		
Laun	13.269	13.672
Launatengd gjöld	2.385	2.084
Breyting á áunnu orlofi	(1.719)	1.296
Stjórnarlaun	2.520	2.360
Aðkeypt þjónusta frá Sementsverksmiðjunni	6.221	8.047
Skrifstofuvörur	3.847	3.629
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	23.618	26.358
Sími	1.565	1.427
Risna	143	1.057
Banka- og innheimtukostnaður	8.085	9.935
Annar kostnaður	4.464	3.121
	<u>64.398</u>	<u>72.985</u>

6. Fastafjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Stofnkostnaður vegganga	Bifreiðar, veglyklar, áhöld og tæki	Samtals
Heildarverð 1.10.2005	6.673.405	196.496	6.869.901
Afskrifað 1.10.2005	(1.855.368)	(99.113)	(1.954.481)
Bókfært verð í ársbyrjun	4.818.037	97.383	4.915.420
Viðbót ársins	7.836	48.019	55.855
Selt á árinu	0	(572)	(572)
Afskrifað á árinu	(190.567)	(29.665)	(220.232)
Bókfært verð 30.09.2006	<u>4.635.307</u>	<u>115.165</u>	<u>4.750.471</u>
	Stofnkostnaður vegganga	Bifreiðar, veglyklar, áhöld og tæki	Samtals
Bókfært verð 30.09.2006 greinist þannig:			
Kostnaðarverð	6.681.241	243.943	6.925.184
Uppsafnaðar afskriftir	(2.045.935)	(128.778)	(2.174.713)
Bókfært verð 30.09.2006	<u>4.635.307</u>	<u>115.165</u>	<u>4.750.471</u>

7. Eigið fé

Eitt atkvæði fylgir hverri krónu hlutfjár af nafnverði.

Yfirlit um breytingu eiginfjárreikninga á árinu:

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staða 1.10.2005	86.000	19.153	299.456	404.609
Hagnaður ársins			12.161	12.161
Tillaga í lögbundinn varasjóð		608	(608)	0
	<u>86.000</u>	<u>19.761</u>	<u>311.009</u>	<u>416.770</u>

Skýringar

8. Tekjuskattsskuldbinding

Breyting á tekjuskattsskuldbindingu á árinu greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding 1.10.2005	91.873
Reiknaður tekjuskattur ársins	2.669
Tekjuskattsskuldbinding 30.09.2006	<u>94.543</u>

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á eftirfarandi liði:

	Staða 1.10.2005	Breyting á árinu	Staða 30.9.2006
Varanlegir rekstrarfjármunir	221.149	37.018	258.167
Yfirfæranlegt tap	(129.276)	(34.348)	(163.624)
	<u>91.873</u>	<u>2.669</u>	<u>94.543</u>

Ekki kemur til álagningar tekjuskatts á árinu 2007 vegna ójafnaðra rekstrartapa frá fyrri árum sem greinast þannig:

Tap ársins 1.10.2000 - 30.09.2001, nýtanlegt til ársloka 2011	418.448
Tap ársins 1.10.2002 - 30.09.2003, nýtanlegt til ársloka 2013	49.125
Tap ársins 1.10.2003 - 30.09.2004, nýtanlegt til ársloka 2014	38.167
Tap ársins 1.10.2004 - 30.09.2005, nýtanlegt til ársloka 2015	212.758
Tap ársins 1.10.2005 - 30.09.2006, nýtanlegt til ársloka 2016	<u>190.523</u>
	<u>909.022</u>

9. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

	Mynt	Vaxtakjör	
Veltílán í erlendri mynt:			
Glitnir	USD	6,2%	90.623
Glitnir	CHF	2,2%	62.204
Glitnir	JPY	1,0%	41.879
Glitnir	EUR	3,8%	<u>163.283</u>
			357.989
Skuldabréfalán, veginn meðalvextir 4%	ISK		3.874.037
Langtímaskuldir samtals			4.232.026
Næsta árs afborganir færðar meðal skammtímaskulda			<u>(322.836)</u>
Langtímaskuldir samkvæmt efnahagsreikningi			<u>3.909.189</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok ársins greinast þannig á næstu ár:

2007	322.836
2008	322.836
2009	322.836
2010	322.836
2010	322.836
Síðar	<u>2.617.844</u>
	<u>4.232.026</u>

Skýringar

10. Aðrar skammtímaskuldir

	30/9 2006	30/9 2005
Ógreiddur virðisaukaskattur	43.918	48.465
Ýmsar skammtímaskuldir	25.172	10.658
Áfallnir vextir	0	23.589
	<u>69.090</u>	<u>82.712</u>

11. Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

Allt hlutafé, bankainnstæður og viðskiptakröfur hafa verið veðsettar til Glitnis

12. Aðrar upplýsingar

Tryggingar

Eignir félagsins eru tryggðar fyrir kr. 4.700 millj. og rekstrarstöðvunartrygging nemur kr. 1.193 millj., sömu váttryggingafjárhæðir gilda fyrir hryðjuverktryggingu á eignum og rekstrarstöðvunar vegna hryðjuverka. Ábyrgðartrygging nemur kr. 1.716 millj.

Starfsmannamál

Hjá félaginu voru að meðaltali 14,5 stöðugildi á árinu. Laun og launatengd gjöld námu samtals kr. 70,1 millj. Laun og þóknanir til stjórnar og stjórnenda námu kr. 10,2 millj.

Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.